

Útgáfa 2.0 Júlí 2025

Hópslysaáætlun á Suðurnesjum



Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Ríkislögreglustjóri

Almannavarnanefnd Suðurnesja utan
Grindavíkur

Almannavarnanefnd Grindavíkur

Viðbragðsáætlun vegna hópslyss á Suðurnesjum

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Ríkislögreglustjóri

Almannavarnanefnd Suðurnesja, utan Grindavíkur

Almannavarnanefnd Grindavíkur

Athugasemdir við áætlunina skal senda til

Lögreglustjórans á Suðurnesjum í netfangið

almannavarnirsudurnes@logreglan.is

EFNISYFIRLIT – KAFLASKIPTI

1	Inngangur	3
2	Staðhættir og hættur	5
3	Virkjun.....	5
4	Starfssvæði.....	7
5	Sértækur kafli	9
6	Verkefni viðbragðsaðila	13
7	Breytingarsaga	18

Skammstafanir

APOC	Airport Operations Center
AST	Aðgerðastjórn
BTB	Biðsvæði tækja og búnaðar
FFK	Flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurlugvöll
FHS	Fjöldahjálparstöð
FLE	Flugstöð Leifs Eiríkssonar
FMR	Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
HSS	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
IL	Innri lokun
Isavia	Isavia, rekstraraðili flugvalla og flugleiðsögupjónustu á Íslandi
JRCC	Björgunarstjórnstöð sjófarenda og loftfara (Joint Rescue Coordination Centre)
LHG	Landhelgisgæslan
LSH	Landspítali
LSS	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Lp	Lendingarsvæði fyrir þylur
Mhz	Megahertz
MÓT	Móttökustaður fyrir bjargir
NL	Neyðarlínan
NSR	Neyðarsamstarf raforkufyrirtækjana
NÖF	Neyðaröryggisfjarskiptaráð
OACC	Flugstjórnarmiðstöðin (Oceanic Area Control Center)
RKÍ	Rauði krossinn á Íslands
RLS	Ríkislögreglustjóri
RNSA	Rannsóknarnefnd samgönguslysa
SÁBF	Stjórnun - Áætlun - Bjargir - Framkvæmd
SHS	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
SLY	Slysstaður / slysavettvangur
SML	Sjómílur
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda
SSL	Söfnunarsvæði látinna
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra
SST	Samhæfingarstöðin
TWR	Flugturn: bygging, starfstöð flugumferðarþjónustu ýmist flugturns eða flugupplýsingaþjónustu
VHF	Very High Frequency
VST	Vettvangsstjórn
YL	Ytri lokun

1 INNGANGUR

Atvikaáætlun þessi er byggð á stjórnskipulagsáætlun fyrir umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum. Hún er unnin af lögreglustjóranum á Suðurnesjum og almannavarnanefndum í umdæminu. Viðbragðsaðilar og aðrir sem hlutverk hafa samkvæmt áætluninni, voru hafðir með í ráðum.

Markmið áætlanna tveggja er að tryggja skipulögð viðbrögð vegna hópslyss og að þolendum berist nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Viðbragðsáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, í samvinnu við almannavarnanefndir í umdæminu, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar og þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn er á ábyrgð lögreglustjórans á Suðurnesjum. Atvikaáætlunin skal vera lifandi skjal sem er uppfærð í samræmi við þróun og þarf að taka mið af aðstæðum á hverjum tíma. Skal það gert að höfðu samráði viðkomandi hagsmunaaðila.

Boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega.

Þeir aðilar sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum um úrlausn þeirra verkefni sem þeim eru falin. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseininga.

Áætlunin styðst við verkþáttaskipunir SÁBF vegna aðgerða á slysavettvangi.

Áætlun þessi skal æfð eigi sjaldnar en á tveggja ára festi og kynnt aðilum sem hlutverk eiga í þeim.

Tengiliðalistar fyrir lykilstarfsmenn, stofnanir og samstarfsaðila liggur fyrir í aðgerðastjórnstöð umdæmis og eru uppfærðir reglulega.

Við gerð stjórnskipulags- og atvikaáætlana var stuðst við ákvæði laga nr. 82/2008 um almannavarnir, reglugerð nr. 323/2010 um gerð og efni viðbragðsáætlana, reglugerð nr. 650/2009 um flokkun almannavarnarstiga, reglugerð nr. 100/2009 um skipulag og störf stjórnar samhæfingar- og stjórnstöðvar og viðbragðsaðila almannavarna og ákvæði lögreglulaga nr. 90/1999

Áætlun þessi er vistuð á ytri vef almannavarna og í skjalasafni lögreglu samanber stjórnsýslulög nr. 37/1993

Viðbragðsáætlunin tekur gildi.

01.07.2025

Áætlunin er undirrituð rafrænt.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.

Ríkislögreglustjóri

Almannavarnanefnd Suðurnesja, utan Grindavíkur.

Almannavarnanefnd Grindavíkur.

2 STAÐHÆTTIR OG HÆTTUR

Almennt

Staðhættir á slysavettvangi fara eftir staðsetningu og aðstæðum á slysstað hverju sinni.

Viðbragðsáætlun þessi getur einnig nýst í þeim tilfellum sem ekki hefur verið unnin viðbragðsáætlun fyrir óskilgreint atvik.

3 VIRKJUN

Neyðarlínan 112 annast virkjun og boðun samkvæmt áætlun þessari að beiðni eins af eftirtöldum aðilum:

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Lögreglustjóranum á Suðurnesjum

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra

Við virkjun hópslysaætlunar upplýsa ofangreindir aðilar um háskastig og Neyðarlína sendir út boð samkvæmt gildandi boðunaráætlun.

- **NEYÐARSTIG**
- **Forgang og lit (litur segir til um umfang)**
- **Líklega staðsetningu** atburðar í hnitum skv. korti
- **Annað ef þarf**

Lögregla stofnar aðgerð í aðgerðagrunni almannavarna, eða óskar eftir að FMR geri það. Aðgerðinni er síðan deilt til annarra viðbragðsaðila.

Neyðarlínan skal tryggja boðun og upplýsa bjargir á talhópi **Blár 2 - 0**

Boðunaráætlanir segja til um hvaða einingar eru innan hvers viðbragðshóps.

3.1 Afboðun

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum tekur ákvörðun um afboðun áætlunarinnar í samráði við aðrar stjórneiningar sem hafa verið virkjaðar (VST og SST).

Aðgerðastjórn tilkynnir afboðun til Samhæfingarstöðvarinnar sem tilkynnir afboðunina til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um. Aðgerðastjórn tilkynnir auk þess um afboðun á TETRA til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

Sérstaklega skal taka fram ef aðeins valdar einingar eru afboðaðar.

3.2 Neyðarstig hópslys

Við virkjun er daglegt viðbragð boðað vegna atviksins og viðbótarviðbragð er ákveðið í samráði við lögreglu, sjúkraflutninga, slökkvilið og svæðisstjórnir björgunarsveita

NEYÐARSTIG-GULT	
Umfang þar sem daglegar bjargar í umdæminu sinna atvikinu auk þátttöku valinna bjarga. Miðað við að 7 til 25 séu þolendur og þörf sé á samhæfingu viðbragðsaðila.	
Lögregla, sjúkraflutningar, slökkvilið og svæðisstjórnir ákveða viðbótarviðbragð	
Aðgerðastjórn AST	AST er virkjuð
Svæðisstjórn björgunarsveita	Boðuð og er bakland björgunarsveita á svæðinu og mannar AST og VST
Björgunarsveitir	Björgunarsveitir eru boðaðar á neyðarstigi
Slökkvilið og sjúkraflutningar	Viðkomandi slökkvilið/sjúkraflutningar metur þörf á frekara viðbragði í samráði við nærliggjandi slökkvilið
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	HSS virkjar viðbragðsstjórn spítalans
Rauði Krossinn á Íslandi	RKÍ móttækur boð og fylgist með framgangi og metur þörf á FHS og SSA í samráði við AST
Hagsmunaaðilar	Isavia, NSR (Neyðarsamstarf raforkufyrirtækja), NÖF (Neyðaröryggisfjarskiptaráð) og aðrir eftir atvikum móttaka boð og sinna sínum hlutverkum

NEYÐARSTIG-RAUTT	
Umfang þar sem daglegar bjargar í umdæminu þurfa utanaðkomandi aðstoð. Miðað við að 25 eða fleiri séu þolendur og þörf sé á samhæfingu viðbragðsaðila.	
Lögregla, sjúkraflutningar, slökkvilið og svæðisstjórnir ákveða viðbótarviðbragð	
Aðgerðastjórn AST	AST er virkjuð
Svæðisstjórn björgunarsveita	Boðuð og er bakland björgunarsveita á svæðinu og mannar AST og VST
Björgunarsveitir	Björgunarsveitir eru boðaðar á neyðarstigi
Slökkvilið og sjúkraflutningar	Viðkomandi slökkvilið/sjúkraflutningar metur þörf á frekara viðbragði í samráði við nærliggjandi slökkvilið
Heilbrigðisstofnun HSS	HSS virkjar viðbragðsstjórn spítalans
Rauði krossinn á Íslandi	RKÍ móttækur boð og fylgist með framgangi og metur þörf á FHS og SSA í samráði við AST/SST. Viðbragðshópur boðaður til aðstoðar.
Hagsmunaaðilar	Isavia, NSR (Neyðarsamstarf raforkufyrirtækja), NÖF (Neyðaröryggisfjarskiptaráð) og aðrir eftir atvikum móttaka boð og sinna sínum hlutverkum

4 STARFSSVÆÐI

4.1 Móttökustaður (MÓT)

<u>Staðsetning:</u>	Ákvörðun AST / VST.
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Flutningastjóri.
<u>Hverjir sinna:</u>	Svæðisstjórn björgunarsveita/Lögregla

4.2 Biðsvæði bjarga (BB)

<u>Staðsetning:</u>	Ákvörðun AST / VST.
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Flutningsstjóri.
<u>Undirstjórnandi:</u>	Samkvæmt ákvörðun flutningsstjóra.
<u>Hverjir sinna:</u>	Svæðisstjórn björgunarsveita eða lögregla.

4.3 Slysstaður og næsta nágrenni - SLY

<u>Verkbáttastjóri:</u>	Björgunarstjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Slökkvilið, lögregla, sjúkraflutningamenn, björgunarsveitir.

4.4 Söfnunarsvæði slasaðra - SSS

<u>Staðsetning:</u>	Ákvörðun AST eða VST / Vettvangsstjóra.
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Aðhlygningarstjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Læknir, greiningarsveit, sjúkraflutningamenn, björgunarsveit, RKÍ.

4.5 Söfnunarsvæði látinna - SSL

<u>Staðsetning:</u>	Ákvörðun AST / VST.
<u>Verkbáttastjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögregla, kennslanefnd RLS, aðrir samkvæmt ákvörðun VST. <i>Hafa skal samráð við rannsakendur um meðferð látinna.</i>

4.6 Gæslustörf á vettvangi – IL og YL

<u>Verkbáttastjóri:</u>	Gæslustjóri
<u>Ytri lokun:</u>	Ákvörðun AST / VST.
<u>Innri lokun:</u>	Ákvörðun VST. Huga að hjáleið ef mögulegt til að liðka fyrir umferð.
<u>Hverjir sinna:</u>	Lögreglan. Björgunarsveitir.

4.7 Söfnunarsvæði aðstandenda - SSA

<u>Staðsetning:</u>	Ákvörðun AST / RKÍ.
<u>Ábyrgð:</u>	Aðgerðastjórn (ATH, er ekki undir stjórn vettvangsstjórnar).
<u>Stjórnandi:</u>	Rauða krossins á Íslandi stjórnar innri starfsemi á SSA í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.
<u>Hverjir sinna:</u>	Rauði krossinn, sálgaðslustuðningsaðilar

4.8 Fjöldahjálparstöð (FHS)

<u>Staðsetning:</u>	Ákvörðun RKÍ í samráði við AST
<u>Ábyrgð:</u>	AST (ATH, er ekki undir stjórn vettvangsstjórnar) Rauði krossinn stýrir opnun og starfrækir fjöldahjálparstöðvar
<u>Stjórnandi:</u>	Rauða krossins á Íslandi stjórnar innri starfsemi á FHS í umboði AST og upplýsir AST um stöðu mála hverju sinni.
<u>Hverjir sinna:</u>	Rauði krossinn á Íslandi

5 SÉRTÆKUR KAFLI

5.1 Keflavíkurflugvöllur/Flugstöð

Í umdæminu er Keflavíkurflugvöllur og flugstöð Leifs Eiríkssonar. Spár gera ráð fyrir að um tvær og hálf milljón farþega komi til landsins um flugvöllinn árið 2025. Um flugvöllinn fara daglega um 20 til 30 þúsund manns. Flugvöllurinn sem rekinn er af Isavia ohf. hefur þá sérstöðu að þjóna bæði borgaralegu flugi og herflugi.

Umferð um Keflavíkurflugvöll hefur aukist jafnt og þétt frá opnun hans.

Frekari upplýsingar og nýjustu upplýsingarnar um Keflavíkurflugvöll er hægt að nálgast á rafrænni

útgáfu Flugmálahandbókar Íslands (AIP) <https://eaip.isavia.is/default.htm>

Flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll er virkjuð ef um er að ræða flugtengd atvik þar sem loftfar á í hlut en ef um atvik í mannvirkjum í eða við flugvöllinn er það ákvörðun AST eða aðgerðastjóra að meta hvort hópslysaáætlun eða flugslysaáætlun (FFK) sé virkjuð hverju sinni.

5.2 Bláa lónið og ferðamannastaðir

Einn vinsælasti ferðamannastaður landsins, Bláa lónið, er staðsettur í umdæminu. Um 1200 manns geta verið í baðhúsinu hverju sinni. Á vegum fyrirtækisins eru tveir gististaðir sem rúma um 800 manns. Samanlagður fjöldi gesta gæti því náð því daglega að vera í kringum 2000. Viðbragðsáætlun Bláa lónsins tekur til áhættuþátta sem búið er að greina. Ef alvarlegt atvik á sér stað á svæðinu gæti komið til virkjunar hópslysaáætlunar.

Aðrir fjölsóttir ferðamannastaðir eru þó nokkrir í umdæminu, en þar ber helst að nefna svokallaða brú milli heimsálfa, Brimketil, Krísuvíkurborg, Sveifluháls, Reykjanesvita og Gunnuhver. Þá má nefna nýrunnin hraun og yfirstandandi jarðeldatímabil í nágrenni Grindavíkur sem draga að sér ferðamenn. Ferðamenn eru jafnt á eigin vegum í bílaleigubílum, gangandi/hjólandi eða í skipulögðum ferðum í hópþingum. Vart má sjá mun eftir árstíðum í ferðmannafjölda í umdæminu. Um 95% ferðamanna sem heimsækja landið fara í gegnum umdæmið samkvæmt mælaborði Ferðamálastofu.

5.3 Bæjarhátíðir og mannamót

Bæjarhátíðir og fjölmenn mannamót eru algeng á Suðurnesjum. Mikið er um fjölmenn íþrótt- og æskulýðsmót ásamt því að ýmis stór mannamót eru skipulögð innan bæjarmarka sveitarfélagana á ári hverju.

Öll sveitarfélögin halda sínar bæjarhátíðir og í tengslum við það margfaldast fjöldi í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Grindavík: Sjóarinn Síkati fyrstu helgina í júní (sjómannadagshelgi).

Sveitarfélagið Vogar: Fjölskyldudagar í Sveitarfélaginu Vogum þriðju helgina í ágúst ár hvert.

Suðurnesjabær: Vitadagar í Suðurnesjabær síðustu helgina í ágúst ár hvert.

Reykjanesbær: Ljósanótt í Reykjanesbæ fyrstu helgina í september ár hvert.

Atvik geta orðið á þessum hátíðum sem kalla á virkjun hópslysaáætlunar í umdæminu, þar sem mannfjöldi í bæjarfélögum margfaldast þegar þessar hátíðir standa yfir.

5.4 Sjóslys í umdæminu

5.4.1 Inngangur

Sjóslys/vettvangur sem er utan skilgreinds hafnarsvæðis kallar á sértækar aðgerðir. Allt skipulag verður að laga sig að staðsetningunni og ytri aðstæðum s.s. veðri og sjólagi. Kafli

5.4 er um atriði sem sérstaklega snúa að uppbyggingu skipulags vegna aðgerða á sjó. Aðilar eru sammála um að viðbragðsáætlun þessi gildi sjálfkrafa ef skip er í háska statt í eða við hafnir þó ekki lengra út en að 12 sjómílur frá landi, þ.e. að öll boðun og uppbygging fari fram samkvæmt henni. Ávallt verður þó taka tillit til aðstæðna s.s. varðandi veður og sjólag. Ef vafi er á að slysstaður sé innan eða utan hafnarsvæðis skal boða eins og slys sé utan hafnarsvæðis. Sé slysið áætlað lengra frá landi en 12 sjómílur, fellur það undir önnur viðmið um leit og björgun og þá aðrar áætlanir. Ávallt er þó hægt að taka ákvörðun um að nýta sér þessa viðbragðsáætlun þó slysstaður sé lengra í burtu.

5.4.2 Staðhættir

Mörg sjóslys hafa orðið undan og á strandlengju Reykjanesskagans enda liggja þar fengsæl fiskimið og fjölfarnar siglingaleiðir. Helstu verstöðvar eru í Grindavík og Suðurnesjabæ en annars eru hafnir í öllum þéttbýlisstöðum að Garði undanskildum. Helsta farþega- og farskipaleið til og frá Íslandi liggur fyrir Reykjanesið. Sem fyrr segir hafa orðið mörg sjóslys á þessu svæði í gegnum aldirnar með miklum mannskaða. Veður geta oft haft áhrif og er ríkjandi sunnan áttir á Reykjanesi almennt og veður geta orðið válynd.

Öflugar öryggisvarnir, fræðsla og forvarnir hafa dregið úr slysum og dauðsföllum á sjó mörg undanfarin ár.

5.4.3 Skilgreiningar

Skilgreiningar vegna aðgerða á sjó eru þegar að neyðarstig-utan hafnar, þar sem slys hefur orðið á sjó utan skilgreinds hafnarsvæðis og svo einnig neyðarstig – innan hafnar þar sem slys hefur orðið á sjó innan 12 mílna og innan hafnarsvæðis.

5.4.4 Boðun

Boðun fer fram samkvæmt kafla 4.4 í stjórnskipulagsáætlun aðgerðastjórnar á Suðurnesjum. Afboðun fer fram samkvæmt kafla 4.5 í stjórnskipulagsáætlunar aðgerðastjórnar á Suðurnesjum.

5.4.5 Stjórnun

Landhelgisgæslan ber ábyrgð á og stjórnar leit og björgun vegna skipa sem óttast er um, lenda í slysum eða er saknað. Landhelgisgæslan ber ábyrgð á vettvangsstjórn ef slysstaður er á hafinu. Um forræðisskil vegna yfirstjórnar björgunar á sjó, gildir reglugerð nr. 71/2011 um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða á leitar- og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara, milli Landhelgisgæslunnar og ríkislögreglustjóra.

Forræðið breytist ef slys á sér stað innan skilgreinds hafnarsvæðis.

Stjórn á sjó – SST: Yfirstjórn leitar og björgunar utan skilgreinds hafnarsvæðis er á ábyrgð Landhelgisgæslu Íslands. SST eru höfuðstöðvar viðbragðsaðila og þar fer fram heildarsamræming aðgerða. Stjórnun fer fram í SST og er fulltrúi Landhelgisgæslunnar í SST stjórnandi aðgerða.

VST á sjó: VST á sjó er á höndum þess aðila sem Landhelgisgæslan tilnefnir og getur hún ákveðið að skipa nýjan vettvangsstjóra á hverjum tíma.

AST í landi: AST er undir stjórn lögreglustjóra. AST er virkjuð vegna sjóslyss innan og utan skilgreinds hafnar svæðis. Lögreglustjóri getur í öllum tilvikum ákveðið sjálfur í samráði við almannavarnadeild hvort virkja eigi AST.

VST í landi: VST í landi er á höndum lögreglunnar. VST annast móttöku og björgun þolenda í landi.

5.4.6 Uppbygging stjórnunar

Stjórnun björgunaraðgerða á sjó felur í sér nokkur stig, eftir staðsetningu og umfangi atburðarins, en í þessari áætlun er stjórnun skipt upp í eftirfarandi þætti:

Innan hafna/strandstað er samhæfing í SST/JRCC, VST í landi og björgunarstjóri á SLV

Á sjó innan 12 mílna er samhæfing í SST/JRCC, björgunarstjóri eða VST á sjó

Á sjó utan 12 míla er samhæfing í SST/JRCC og VST á sjó.

5.4.7 Aðgerðarstjórn - SJÓR

AST er virkjuð til að samhæfa störf viðbragðsaðila í landi vegna björgunar á sjó. Fulltrúi Landhelgisgæslunnar kemur í AST – sjór þegar því verður við komið.

5.4.8 Vettvangsstjórn - LAND

Sé fjarlægð frá landi þannig að möguleiki sé að stjórna aðgerðinni frá landi er byrjað að byggja upp VST í landi, sbr. kafla 5.4-5.6 í stjórnskipulagsáætlun aðgerðarstjórnar um VST. Að auki bætist við fulltrúi LHG. Leitast við að byggja upp skipulag með björgunarstjóra á slysstað. Allt annað skipulag sett upp í takt við umfang og þarfir, s.s. gæslustjóri, aðhlynningarstjóri og flutningsstjóri. Biðsvæði bjarga í landi. Biðsvæði bjarga á sjó í samráði við björgunarstjóra.

Sé umfang eða staðsetning slyssins þannig að það kallar á aðra uppbyggingu skal skipuleggja það, sjá björgunarstjóri/VST - SJÓR. VST – LAND fer þá í að sinna öðrum hlutverkum sem snúa að aðgerðum á landi, s.s. biðsvæði bjarga, móttöku, aðhlynningu og flutning í samræmi við fyrirliggjandi þörf.

5.4.9 Björgunarstjóri/vettvangsstjórn - SJÓR

Ef aðstæður eru þannig gefur Landhelgisgæslan út hver stjórnar á slysstað, þ.e. björgunarstjóri (On Scene Coordinator, OSC) strax í upphafi aðgerðanna, þar til annað er ákveðið.

Ef umfang eða staðsetning slyssins kallar á VST út við slysstaðinn skal byrja að byggja hana upp. VST gæti þurft að vera staðsett á sjó og leitast skal við að fulltrúar þeirra sem eru í VST- LAND séu í henni. Staðsetning um borð í skipi á svæðinu.

Skipsstjórnandi fyrsta skips eða báts á slysstað er vettvangsstjórnandi þangað til annað er gefið út.

5.4.10 Fjarlægð frá landi eykst

Utan við 12 sjómílna mörkin gildir þessi viðbragðsáætlun ekki, en hægt er að boða og byggja upp aðgerðirnar skv. henni ef þurfa þykir.

5.4.11 Fjarskipti

Samskipti við skip: Vaktstöð siglinga (JRCC Ísland) sér um samskipti við skipið nema ef atburður verður innan hafnarsvæðis þá sér jafnframt vettvangsstjórn á sjó um samskipti.

Fjarskipti: Fjarskipti milli báta og stjórnstöðvar fara fram á VHF rás 16 (156,8 MHz) (neyðartíðni skipa) og VHF rás 6 (156,3 MHz) Rás 5 (157,975 MHz) sameiginleg rás björgunarsveita eða endurvarparásir björgunarsveita eru einnig valkostir. Samskipti við loftför í leit/björgun fer fram á tíðni 123,1 MHz

Úr IAMSAR: “The frequency 156,8 MHz (Channel 16) is the international VHF maritime voice distress, safety and calling frequency. The frequency 156,3 MHz (Channel 06) may be used for communications on-scene”.

Frekari útfærsla á skipulagi fjarskipta er ákveðin af stjórnanda á vettvangi í samráði við AST.

5.4.12 Starfsvæði í landi

Ef það er mögulegt þá skal leitast við að starfssvæði við slys á sjó, séu þau sömu og við slys á landi, sjá kafla 4.

Þó verður að taka tillit til staðsetningu slyssins og fjarlægðir. Biðsvæði bjarga skiptast í tvennt, á sjó og á landi.

Á sjó, ákveðið biðsvæði sem gefið er upp. Ef ekki er gefið upp ákveðið biðsvæði eða bátar hafa ekki fengið sérstök fyrirmæli um aðkomu skulu þeir sigla í átt að slysstaðnum, tilkynna um komu sína þegar þeir nálgast og bíða frekari fyrirmæla frá Landhelgisgæslunni eða AST.

5.4.12 Starfsvæði í landi

Viðbragðsaðilar gera báta klára, tilkynna sig af til stjórnstöðvar LHG um VHF rás 16.

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar mun veita bátum á leið á vettvang þær upplýsingar sem eru fyrirliggjandi um staðsetningu og umfang slyssins.

Björgunaraðilar sigla í átt að uppgefnu slysstað eða biðsvæði.

Ef ekki er ákveðið biðsvæði eða bátar hafa ekki fengið sérstök fyrirmæli um aðkomu skulu þeir sigla í átt að slysstaðnum, tilkynna um komu sína á viðeigandi fjarskiptum þegar þeir nálgast og bíða frekari fyrirmæla frá VST eða Landhelgisgæslunni ef vettvangsstjóri hefur ekki verið tilnefndur.

Við langar og/eða flóknar aðgerðir eða aðgerðir lengra frá landi breytist uppbygging vettvangsins í samræmi við það.

6 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA

Upphafstalhópur er TETRA Blár 2-0

6.1 Aðgerðarstjórn

Neyðarstig

Neyðarstig

- ☐ Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ AST virkjuð og innra skipulag virkjað. Aðgerðarstjóri skipaður
- ☐ Tryggir samskipti við samstarfsaðila
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til eininga innan AST
- ☐ Hugar að ytri lokunarpóstum ef við á
- ☐ Kannar möguleika á hjáleði, ef veg er lokað
- ☐ Athuga þörf á frekari björgum á SLV
- ☐ Gerir stöðumat á sjúkrahúsi, og getu á móttöku heilbrigðisstofnunarinnar
- ☐ Gerir stöðumat á samgöngum, flug og vegakerfi
- ☐ Gerir stöðumat á björgum í umdæminu
- ☐ Þörf á daglegu viðbragði
- ☐ Þegar AST hefur verið virkjuð :
- ☐ Innra skipulag AST virkjað og hlutverk tryggð (SÁBF)
- ☐ Tryggir virkjun VST eða skipun vettvangsstjóra
- ☐ Skipa öryggisstjóra, sem starfar undir stjórnanda aðgerðar
- ☐ Tekur afstöðu til hvort að útvíkka þurfi fjarskiptaskipulag
- ☐ Tryggir símsvörun og önnur fjarskiptasamskipti
- ☐ Tryggir skráningu og meðferð upplýsinga
- ☐ Kannar mannaaflapörf (bjargir) og óskar eftir frekari aðstoð frá SST ef þess er þörf
- ☐ Tryggir viðbúnað vegna lokana í samráði við VST
- ☐ Skipa fjölmiðlafulltrúa (sjá verkefni neðar)
- ☐ Afklar upplýsinga um mannamót og ferðir utan alfaraleiðar ef við á
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði á milli AST og sveitarfélaga, Veðurstofu Íslands, vísindamanna, Vegagerðar og þeirra sem við á hverju sinni.
- ☐ Skipuleggur samhæfingu rýminga út frá fyrirliggjandi upplýsingum.
- ☐ Útbýr texta fyrir svæðisbundin SMS skilaboð og minnir á hjálparsíman 1717
- ☐ Staðfestir við SST að rýmingarboð séu farin út ásamt skráningarhlekk
- ☐ Tryggir samskipti við fjöldahjálparstöð/var
- ☐ Koma á samskiptum við fulltrúa Ferðamálastofu/áfangastofu
- ☐ Ákveða tíma fyrir reglulega stöðufundi

Helstu verkefni tengd samskiptum við fjölmiðla:

- ☐ Eins fljótt og auðið er skal senda fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- ☐ Ákveða stað fyrir móttöku fjölmiðla ef á við og fréttamiðlun.
- ☐ Ákvarða skal fasta tíma til að senda út upplýsingar um stöðu mála.
- ☐ Koma upplýsingum á framfæri til upplýsingaveitna meðal annars á erlendum tungumálum ef ástæða er til.
- ☐ Sé þess kostur skal ákvarða stað þangað sem fjölmiðlar geta komið og fengið uppl.
- ☐ Fjölmiðlum sem mætir á staðinn skal vísað á öruggan stað þar sem þeir fá upplýsingar og bíða þess að komast að vettvangi til myndatöku skv. ákvörðun lögreglustjóra hverju sinni.

6.2 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Neyðarstig

Neyðarstig

- ☐ Móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á TETRA **Blár 2-0**
- ☐ Fulltrúi lögreglu mætir í AST að Flugvöllum 33 í Reykjanesbæ
- ☐ Skipar vettvangsstjóra sem fer með vettvangsstjórn
- ☐ Tilnefnir gæslustjóra
- ☐ Færir bjargir lögreglu til eftir atvikum/hugar að daglegu viðbragði
- ☐ Biður SST að um að útvega aðstoð frá öðrum umdæmum ef við á
- ☐ Tryggir rannsóknarhagsmuni og sinnir rannsókn/ Sér til þess að rannsóknardeild sé kölluð út
- ☐ Tryggir að RNSA sé upplýst ef við á
- ☐ Tryggir að MÓT sé mannað og BB

6.3 Vettvangsstjórn

Neyðarstig

Neyðarstig

- ☐ Virkjar tafarlaust vettvangsstjórn og stjórnar aðgerðum á vettvangi
- ☐ Skipar í stöður samkvæmt verkþáttarskipuriti SÁBF eftir atvikum
- ☐ Innra skipulag VST virkjað
- ☐ Kannar möguleika á skjóli á eða við vettvang
- ☐ Tryggja hlustun á AST og verkþáttastjóra (sjá fjarskiptaskipulag)
- ☐ Kallar eftir frekari björgum frá AST ef þörf er á
- ☐ Tryggir innri lokanir
- ☐ Tilnefna öryggisstjóra sem starfar í samvinnu við öryggisstjóra AST
- ☐ Tryggir samskipti um fjarskipti á og við vettvang
- ☐ Tryggir skráningu og meðferð upplýsinga
- ☐ Tryggir uppsetningu á MÓT, SSS og biðsvæðum, ef við á
- ☐ Tryggir innri lokanir, biður AST um hjáleid ef vegi er lokað í samráði við Vegagerðina
- ☐ Kannar mannaflapörf (bjargir) biður AST um að útvega bjargir sem þarf
- ☐ Kannar þörf á sértækum björgum
- ☐ Ákveður tíma fyrir stöðufundi
- ☐ Tryggir að bjargir skili sér úr verkefnum sem er lokið

6.4 Svæðisstjórn svæði 2

Neyðarstig

Neyðarstig

- ☐ Móttaka tilkynningu frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á TETRA **Blár 2-0**
- ☐ Svæðisstjórn svæði 2 sendir fulltrúa í AST
- ☐ Sendir fulltrúa í VST þar sem við á
- ☐ Tryggir uppsetningu á MÓT og skipar flutningastjóra
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til björgunarsveita á sínu svæði
- ☐ Metur hvort þörf er á ferkari björgum utan svæðis í samráði við stjórnanda í AST

6.5 Björgunarsveitir á svæði 2

Neyðarstig

Neyðarstig

- ☐ Móttaka boð frá Neyðarlínu og tryggja hlustun á TETRA **Blár 2-0**
- ☐ Gera sig klára með þann búnað sem beðið er um og halda svo tafarlaust á MÓT
- ☐ Skrá í aðgerðargrunn tæki og mannskap á leið í verkefnið
- ☐ Gefa sig fram á MÓT
- ☐ Bíða frekari fyrirmæla frá AST eða VST

6.6 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Neyðarstig

Neyðarstig

- ☐ Viðbragðsstjórn móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu og upplýsir starfsfólk
- ☐ Tryggir hlustun á TETRA **Blár 2-0**
- ☐ Sendir fulltrúa sinn í AST
- ☐ Virkjar innra skipulag stofnunarinnar er varðar hópslys
- ☐ Skipar aðhlynningarstjóra
- ☐ Undirbýr greiningasveit fyrir brottför á vettvang
- ☐ Stjórnandi greiningarsveitar gefur sig fram við vettvangsstjóra við komu á vettvang
- ☐ Greiningarsveit tekur að sér stjórn áverkamats undir stjórn aðhlynningarstjóra á SSS
- ☐ Annað starfsfólk sjúkrahúss undirbýr móttöku og umönnun þolenda, sem send verða á sjúkrahúsið
- ☐ Yfirfer búnað, birgðir og áhöld til hópslysamóttöku og kemur tafarlaust boðum til aðgerðastjórnar um það sem vantar vegna hópslysamóttöku.

6.7 Brunavarnir Suðurnesja

Neyðarstig

Neyðarstig

- ☐ Móttækur boð frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á TETRA **Blár 2-0**
- ☐ Sjúkrabifreiðar sendar á **SLY** eða **SSS**
- ☐ Sendir aðila í AST
- ☐ Sendir aðila í VST
- ☐ Tilnefnir björgunarstjóra er við á
- ☐ Sendir allar tiltækar sjúkrabifreiðar mannaðar sérhæfðu sjúkraflutningafólki og/eða bráðataeknum á MÓT, eða til SLY
- ☐ Metur aðstæður og sendir viðeigandi bjargir slökkviliðs á staðinn
- ☐ Koma í veg fyrir og slökkva elda
- ☐ Bregðast við, hindra útbreiðslu og hreinsa upp mengun
- ☐ Bráðaflokkun á slystað er undir stjórn björgunarstjóra
- ☐ Að loknu slökkvistarfi og björgun úr flaki byrja slökkviliðsmenn að hlúa að þolendum og aðstoða við flutning þeirra á **SSS** eða í næsta fánlega skjól

6.8 Slökkvilið Grindavíkur

Neyðarstig

Neyðarstig

- ☐ Móttækur boð frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á TETRA **Blár 2-0**
- ☐ Slökkviliðsstjóri eða staðgengill viðkomandi svæðis tilnefnir mann í VST
- ☐ Tilnefnir björgunarstjóra ef við á
- ☐ Metur aðstæður og sendir viðeigandi bjargir slökkviliðs á staðinn
- ☐ Koma í veg fyrir og slökkva elda
- ☐ Bregðast við, hindra útbreiðslu og hreinsa upp mengun
- ☐ Bráðaflokkun á slystað er undir stjórn björgunarstjóra
- ☐ Að loknu slökkvistarfi og björgun úr flaki byrja slökkviliðsmenn að hlúa að þolendum og aðstoða við flutning þeirra á SSS eða í næsta fánlega skjól

6.9 Rauði krossinn á Íslandi

Neyðarstig

Neyðarstig

- ☐ Bakvakt/neyðarmiðstöð móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Sendir fulltrúa í AST/SST
- ☐ Starfar samkvæmt innri áætlun RKÍ
- ☐ Fylgist með framvindu og undirbýr opnun fjöldahjálparstöðva ef þörf er á
- ☐ Metur þörf á að opna SSA
- ☐ Sendir fulltrúa sína á SSS eftir beiðni frá AST hverju sinni sem stuðningur
- ☐ Upplýsir deildir í umdæminu

6.10 Samráðshópur um áfallahjálp, í umdæminu

Neyðarstig

Neyðarstig

- ☐ Hópstjóri samráðshóps móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu að beiðni AST
- ☐ Hópstjóri boðar aðra meðlimi hópsins
- ☐ Starfar samkvæmt innra skipulagi samráðshóps um áfallahjálp
- ☐ Fulltrúi Samráðshóps tryggir samskipti við AST
- ☐ Tryggir upplýsingaflæði til samstarfsaðila
- ☐ Fulltrúar samráðshóps upplýsa stofnanir er sinna áfallahjálp og kalla jafnframt eftir upplýsingum

6.11 Vegagerðin

Neyðarstig

Neyðarstig

- ☐ Vaktstöð móttækur tilkynningu frá Neyðarlínu
- ☐ Virkjar viðbragðsáætlun fyrirtækis og gerir ráðstafanir
- ☐ Tryggir samskipti við AST eða sendir fulltrúa í AST sé þess óskað
- ☐ Upplýsir og kannar hvort unnt sé að nota hjá leiðir fyrir almenna umferð meðan sjúkraflutningar standa yfir
- ☐ Upplýsir um stöðu vegaframkvæmda á akstursleiðum sjúkrabíla
- ☐ Tryggir að til staðar sé tæki og búnaður til að halda nauðsynlegum vegum opnum

6.12 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS)**Neyðarstig****Neyðarstig**

- ☐ Móttækur boð frá Neyðarlínu og tryggir hlustun á TETRA **Blár 2-0**
- ☐ Sendir allar tiltækar sjúkrabifreiðar mannaðar sérhæfðu sjúkraflutningafólki og/eða bráðataeknum á MÓT, eða til SLY
- ☐ Bráðataeknar sinna fyrstu hjálp á SLY/bráðaflokkunarsvæði og sjúkrabifreiðar flytja slasaða frá SSS til sjúkrahúsa, samkvæmt nánari fyrirmælum aðhlynningarstjóra og flutningsstjóra
- ☐ Kemur boðum til flutningastjóra um komu í MÓT

6.13 Björgunarsveitir á svæði 1**Neyðarstig**

- ☐ Móttaka boð frá Neyðarlínu og tryggja hlustun á TETRA **Blár 2-0**
- ☐ Gera sig klára með þann búnað sem beðið er um og heldur tafarlaust á MÓT
- ☐ Skrá í aðgerðagrunn tæki og mannskap á leið í verkefnið
- ☐ Gefa sig fram á MÓT
- ☐ Bíða frekari fyrirmæla frá AST eða VST

7 BREYTINGASAGA

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn
1.0	08.01.2016	Fyrsta útgáfa	
2.0	19.06.2025	Önnur útgáfa í nýju formi	ASE